



Áframhald á kröftugum vexti hagkerfisins

Þjóðarútgjöld vaxa um nærri 10%

Töluvert kröftugur hagvöxtur mældist á fyrsta ársfjórðungi, en vöxturinn nam 2,9% borið saman við sama fjórðung árið áður.

Alls jukust þjóðarútgjöld, sem er samtala einkaneyslu, samneyslu og fjármunamyndunar, um 9,9% en þau hafa ekki vaxið jafn hratt síðan á öðrum ársfjórðungi 2006. Vöxturinn í þjóðarútgjöldum var að miklu leyti borinn uppi af fjármunamyndun en áhrif af einkaneyslu vógu þar einnig töluvert.

Það sem skýrir töluvert lægri vöxt landsframleiðslu en þjóðarútgjalda var neikvætt framlag utanríkisviðskipta. Útflutningur jókst um 2,7% en innflutningur um 23% en verulegur hluti af auknum innflutningi skýrist af flugvélakaupum.


Nokkuð kröftugur vöxtur einkaneyslu

Einkaneysla jókst um 3,9% sem er í samræmi við kröftugan vöxt á síðustu fjórðungum en meðalvöxtur í einkaneyslu á síðustu fjórum fjórðungum hefur verið 3,8%. Þjóðhagsspá Hagfræðideildar frá því í maí gerir ráð fyrir 4,5% vexti einkaneyslu yfir árið í heild og að sá vöxtur verði drifinn áfram af töluverðum vexti kaupmáttar ásamt auðsáhrifum vegna skuldaniðurgreiðslu ríkisstjórnarinnar á verðtryggðum húsnæðislánnum einstaklinga. Þannig er gert ráð fyrir að kaupmáttur aukist um 5,8% á þessu ári sökum verulegra launahækkana en þegar áhrifa þeirra fer síðan að gæta á verðbólgu verði vöxtur kaupmáttar lítill á næstu árum þrátt fyrir umtalsverðar launahækkanir.


Fjárfesting í skipum og flugvélum á bak við stærstan hluta aukinnar atvinnuvegafjárfestingar

Fjármunamyndun jókst um 23,5% og var nær eingöngu borinn uppi af aukinni atvinnuvegafjárfestingu. Íbúðafjárfesting dróst saman milli ára og einungis örlítill vöxtur varð í fjárfestingum hins opinbera. Samdráttur í íbúðafjárfestingu kemur örlítið á óvart en leita þarf aftur til fjórða ársfjórðungs 2011 til að finna samdrátt í íbúðafjárfestingu.

Vöxtur þjóðarútgjalda og landsframleiðslu



Ársbreyting helstu undirliða





Atvinnuvegafjárfesting jókst um 36% en sá vöxtur skýrist að langmestu leyti af innflutningi skipa og flugvéla. Sé horft framhjá þeim nam vöxtur atvinnuvegafjárfestingar einungis 5,4% og fjármunamyndun í heild sinni 2,9%. Hér er þó rétt að hafa í huga að tölur um fjárfestingu eru oft endurskoðaðar upp á við.

Auknar birgðir skýra hægan vöxt útflutnings

Útflutningur í heild jókst um 2,7% milli ára sem skýrist af auknum þjónustuútflutningi sem jókst um 7,6%. Vöruútflutningur dróst hins vegar saman um 0,8% þrátt fyrir mun betri loðnuvertíð á þessu ári en í fyrra en nær allar loðnuveiðar koma til á fyrsta fjórðungi hvers árs. Útflutningur loðnu kemur þó ekki allur til á fyrsta fjórðungi heldur dreifist jafnan á fyrri helming ársins. Það skýrir að hluta til samdrátt í vöruútflutningi milli ára. Aukin birgðasöfnun á fjórðungnum er í samræmi við þetta en birgðir sjávarafurða jukust um 17,5 ma.kr. á fjórðungnum. Á sama tíma lækkuðu birgðir iðnaðarvara (stóriðju) um 2 ma.kr. Þessi birgðaaukning ætti að skila sér inn í útflutning á næstu fjórðungum.


Innflutningur jókst mikið

Innflutningur jókst um 17,4% en leita þarf aftur til ársins 2006 til að finna viðlíka vöxt. Skýrist aukningin að miklu leyti af innflutningi skipa og flugvéla sem nam 21 ma.kr. en þar af var fjárfesting í flugvélum 20,5 ma.kr. Vöxtur vöruinnflutnings nam 24,7% en vöxtur þjónustuinnflutnings nam 5%. Innflutningur flugvéla birtist einnig í fjármunamyndun og eru nettó áhrif hans á hagvöxt lítil sem engin.

Hagvöxtur á fyrsta ársfjórðungi lægri en væntingar fyrir árið í heild


Hagvöxturinn á fyrsta fjórðungi er nokkuð lægri en opinberar spár fyrir árið í heild hljóða upp á. Þannig eru væntingar um 3,8% hagvöxt á þessu ári að meðaltali borið saman við 2,9% vöxt á fyrsta fjórðungi. Hafa ber í huga að um er að ræða fyrsta mat Hagstofunnar auk þess sem hagvöxtur getur verið mjög ójafn innan árs, m.a. vegna grunnáhrifa frá fyrra ári.

Vöxtur fjármunamyndunar



Vöxtur á 12 mánaða grundvelli
Heimild: Hagstofa Íslands

Hagvaxtarspár



Heimild: Vefsíða viðkomandi stofnunar.



Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild @landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.